

Sp.

900. Tillaga

til þingsályktunar um innlenda sútunar- og skófatnaðarverksmiðju.

(Eftir síðari umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta rannsaka, hvað kosta mundi að koma á fót:
 - a. Sútunarverksmiðju til sútunar á hverskonar innlendum skinum, er aðallega séu ætluð til notkunar hér á landi.
 - b. Verksmiðju til að vinna úr slíkum skinum skófatnað og fleira til innlendra notkunar.

2. Að leita síðan fyrir sér um stofnun félaga, eins eða tveggja, til þess að setja slíkar verksmiðjur á stofn og reka þær með stuðningi ríkisins, ef eigi fæst til þess á annan hátt nægilegt fjármagn.

Er þess vænzt, að stjórnin hraði rannsókn þeirri, er í 1. lið a—b getur, svo sem frekast er unnt, og er henni heimilt að verja til þess fé úr ríkissjóði. Ef ekki tekst stofnun félags eða félaga samkv. 2. lið, til þess að koma á fót og starfrækja verksmiðjurnar án stuðnings frá ríkinu, er skorað á stjórnina að leggja tillögur sínar í málinu fyrir næsta Alþingi.